

Orkustofnun

Úttekt á eignastofni Orkubús Vestfjarða

Deloitte ehf.

Smáratorg 3

201 Kópavogur

Sími: +354 580-3000

www.deloitte.is

Efnisyfirlit

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar	2
2. Fjárhagskerfi og innra verklag.....	2
3. Úttektin	3
3.1. Skoðun fylgiskjala	3
3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum.....	3
4. Niðurstöður	3

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar

Orkustofnun (OS) hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Með úttektum á ákveðnum bókhaldslegum þáttum dreifiveitna leitast OS eftir því að verklag við setningu og uppgjör tekjumarka verði sem mest samræmt milli dreifiveitna. Niðurstaða úttektar getur leitt til athugasemda við viðkomandi dreifiveitu auk leiðréttingar á uppgjöri tekjumarka og einnig mögulega breytingu á verklagi OS við eftirlitið. Tilgangur úttektar er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum heldur fremur vegna mikilvægis eignastofns í tekjumörkum og sem hluti af yfirferð OS á verklagi við setningu og uppgjör tekjumarka.

Þessi skýrsla fjallar um yfirferð okkar á eignastofni Orkubús Vestfjarða (OV).

Við fórum í úttektinni yfir fjárfestingar á árinu 2015 og stöðu á eignastofni 31. desember 2015 byggt á þeim gögnum sem dreifiveitan sendi til OS. Úttektin var framkvæmd til þess að greina eignastofn OV og meta hvort að:

- a) Eignirnar tilheyri með sannanlegum hætti dreifiveituhluta og séu nýttar til tekjuöflunar.
- b) Gögn á bak við eignfærslur ársins séu fullnægjandi og styðji réttmæti eignfærðrar fjárhæðar.
- c) Afskriftir séu í samræmi við nýtingartíma (líftíma) eignanna.
- d) Endurmatigna sé í samræmi við heimildir fyrirtækjanna og ákvarðanir OS.

2. Fjárhagskerfi og innra verklag

OV notar Vigor fjárhagskerfi. Haldið er utan um eignir í ítarlegri eignaskrá í fjárhagskerfinu til þess að fylgjast með afskriftum og eftirstöðvum stofnverðs allra varanlegra rekstrarfjármuna. Við áætlanagerð er ákveðið hvort verk sé rekstrarverk eða nýframkvæmd sem er eignfærð. Úr þeirri vinnu kemur framkvæmdaráætlun sem er samþykkt af stjórn. Við ákvörðun um eignfærslur er stuðst við handbók um reikningshald orkuveitna frá 1993, kafla 3.5. Þegar ný eign er stofnuð er hún tengd við ákveðin yfir- og undirflokk þar sem fram kemur hvers konar eign er um að ræða. Þá er einnig merkt hvar eignin er staðsett og afskriftarhlutfall ákvarðað. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs fer yfir skráðar eignir og tekur ákvörðun um hvaða eignir skuli afleggja þar sem þær séu ekki lengur í rekstri. Auk þessa er eignakerfið reglulega stemmt af við bókhald og afskriftarhlutföll yfirfarin.

3. Úttektin

3.1. Skoðun fylgiskjala

Til að nálgast markmiðin með úttektinni voru framkvæmdar nokkrar prófanir. Umfangsmesta prófunin var úrtaksskoðun á eignfærslum ársins 2015, en við fengum lista með hreyfingum á bak við eignfærslur ársins. Við bárum samtölu eignfærslna sem tengjast dreifingu á raforku saman við eignfærslur í eignaskrá. Ekki var um neinn mismun þar að ræða. Ákveðið var að skoða 13 kostnaðarreikninga. Upphæð úrtaksins var rúmlega 972 mkr. af tæplega 1.094 mkr. heildareignfærslum og því voru um 88% eignfærslna skoðuð. Það er mat okkar að gott skipulag sé á eignfærslum hjá OV og auðvelt reyndist að rekja eignfærðan kostnað til frumgagna. Skoðað var alls 21 fylgiskjal. Við fundum engan kostnað sem ekki tilheyrði dreifiveitu rafmagns. Samkvæmt fyrningartöflu sem notuð er til grundvallar reikningskilum OV er byrjað að afskrifa eignfærslur ársins, sem bendir til þess að eignirnar séu orðnar tekjuberandi.

Viðeigandi fylgiskjöl voru að baki þeim eignfærslum sem við skoðuðum.

3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum

OV hefur lagt á mat á líftíma eigna félagsins og mótað sér reglur um hrakvirði og afskriftir. Notast er við 10% hrakvirði og eftirfarandi afskriftarprósentur. Einunigs eru listaðar upp eignir sem tengjast raforkudreifingu.

- Flutnings- og aðveitukerfi rafveitu 3,3%
- Drefikerfi, rafveita 4,0%
- Áhöld og tæki í orkuverum 20%
- Bifreiðar og vinnuvélar 20%
- Skrifstofu- og tölvubúnaður 20%
- Fasteignir, skrifstofubyggingar 2,0%
- Fasteignar, aðrar byggingar 4,0%

Afskriftir eru reiknaðar af endurmetnu stofnverði rekstrarfjármuna. Gjaldfærðar afskriftir eru á meðalverðlagi hvers reikningstímabils, en eignakerfið sér um útreikning á afskriftum.


4. Niðurstöður

Úttekt á eignfærslum OV á árinu 2015 og á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarkna hefur ekki leitt neitt annað í ljós en að flokkun fastafjármuna félagsins uppfylli

kröfur raforkulaganna. Einnig eru afskriftir eignaflokka í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar.

Kópavogur, 31. janúar 2017

Deloitte ehf.



Lárus Finnbogason
endurskoðandi